



Hagsmunir.is

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal

Dalabyggð, 19. janúar 2021

Efni: Athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuvers á Sólheimum

Við undirrituð mótmælum harðlega þeim áformum Dalabyggðar að breyta hluta af landbúnaðarjörðinni Sólheimum í iðnaðarsvæði svo þar megi rísa gríðarstórt vindorkuver. Fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar um uppbyggingu umfangsmikilla vindorkuvirkjana í héraðinu eru án nokkura fordæma á landsvísu og með því að veita leyfi til þessara framkvæmda er verið að breyta landslagi og ásýnd sveitarinnar til frambúðar og gefa fordæmi sem getur leitt til þess að jarðir í Dalabyggð verði keyptar upp af fjársterkum aðilum í þeim tilgangi að byggja þar vindorkuver sem í versta falli mun leiða til þess að byggð leggist hér af. Þessar fyrirætlanir geta aldrei orðið í sátt við samfélag þeirra sem hér búa og starfa og stríðir því gegn öllum settum skipulagsstefnum.

Við fordæmum þau vinnubrögð sveitarstjórnar að senda frá sér skjal sem þetta þar sem finna má órókstuddar og ósannar fullyrðingar eins og þá að þessi staðsetning uppfylli allar helstu kröfur sem gerðar eru um fjarlægð slíkra vindorkuvera frá helstu ferðaleiðum, ferðamannastöðum og mannbústöðum. Bæði skipulagsfulltrúi Dalabyggðar og starfsfólk Eflu sem skrifa skýrsluna hafa staðfest að engar slíkar kröfur eru til á Íslandi og því ljóst að verið er að villa um fyrir lesendum með þessari fullyrðingu. Auk þess er staðarvalið í algjöru ósamræmi við gildandi svæðisskipulagsstefnu Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

Engin framkvæmd gæti hugsanlega haft eins mikil sjónræn áhrif og þessi. Vindmyllurnar munu sjást í tuga kílómetra fjarlægð og ekki nóg með að hér sé um stór og áberandi mannvirki að ræða sem breyta ásýnd landsins gríðarlega, heldur eru þessi mannvirki á stöðugri hreyfingu og búa blikkandi ljósum með tilheyrandi áreiti.

Allt fyrirhugað framkvæmdasvæði er á landi sem flokkast sem votlendi samkvæmt [skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands](#) og ef leggja á vegi og byggja undirstöður fyrir 30 vindmyllur á þessu svæði þá þarf að þurrka upp það votlendi með tilheyrandi losun á koltvísýringi. Þess háttar rask mun einnig hafa áhrif á vatnsbússkap t.d. Laxárvatns og þar með laxveiðiárinnar Laxár.

Svæðið sem skilgreint er fyrir vindorkuver liggur innan skilgreindra mikilvægra fuglasvæða eins og fram kemur í riti Náttúrufræðistofnunar Íslands [Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi](#). Vitað er að vindmyllur hafa gríðarlega mikil neiðkvæð áhrif á fuglalíf. Í Noregi hafa vindmyllur drepitugi eða

hundrað hafarna auk annara fugla. Sjá til dæmis [skýrslu](#) sem Náttúrufræðistofnun Noregs lét gera um fugladauða við vindorkuvirkjun þar í landi.

Við Breiðafjörð er aðal búsvæði hafarnarins á Íslandi auk þess sem aðrir friðaðir fuglar eins og álft og himbrimi halda mikið til á svæðinu. Laxárdalsheiði er einnig þekkt farleið annara fugla eins og gæsa sem fara þar um í hundraða eða þúsunda tali. Af þessum sökum verður að teljast fráleitt að reisa svona virkjun á þessum stað.

Verði af byggingu þeirra vindorkuvirkjana sem nú eru áformaðar í Dalabyggð, mun ferðaþjónusta í héraðinu bíða hnekki og fjöldi fólks verða fyrir fjárhagstjóni. Í Dalabyggð eru margar af bestu laxveiðiám landsins og fyrirhugaðar breytingar stefna a.m.k. tveimur þeirra (Laxá og Fáskrúð) í stórhættu með tilheyrandi fjárhagstjóni fyrir landeigendur. Mögulegt er að sveitarfélagið verði þá skaðabótaskyldt samkvæmt 1. mgr. 51. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og því er hætta á umtalsverðu fjárhagstjóni fyrir sveitarfélagið verði af þessum virkjanaáformum.

Augljóst er öllum sem kynna sér orkumál á Íslandi að engin þörf er á vindorku í landinu þar sem hér er nú þegar framleidd talsverð umfram orka með öðrum umhverfisvænum hætti. Einkafyrirtækin sem nú ráðgera að reisa vindorkuvirkjanir víða um land, geta ekki gert það nema með svokölluðum take-or-pay samningi, sem þýðir að þá kaupir ríkið (Landsvirkjun) alla orku sem vindmyllurnar framleiða. Á meðan standa aðrar virkjanir sem þjóðin hefur þegar fjárfest í, kyrrar og nýtast engum. Þörf er á miklum og kostnaðarsömum breytingum hjá Landsneti sem er ekki með búnað til að höndla orkugjafa eins og vindorku sem kemur inn og fer út mörgum sinnum á dag. Fjárfesting í nýrri tegund orkuvera sem þessum lendir því á herðum skattborgara á endanum.

Beinar athugasemdir við framlagt skjal, "Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016 Breyting vegna vindorkuvers á Sólheimum – Tillaga 26.05.2020"

1. Í skjalinu er tekið fram að framkvæmdin falli undir lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 en ekki er minnst á rammaáætlun. Að okkar mati er ljóst að framkvæmdin fellur undir rammaáætlun og hafa framkvæmdaraðilar á Sólheimum einnig talað um að setja framkvæmdina þar í gegn. Núgildandi lög þykja ekki nógu skýr hvað þetta varðar og með því að minnast ekki á rammaáætlun má ætla að Dalabyggð taki afstöðu með þeim sem telja að vindorkuver eigi ekki heima í rammaáætlun. Til upplýsinga þá liggur nú fyrir frumvarp á þingmálaskrá Alþingis um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/ 2011 þar sem aðlaga á lögin betur sérstöðu vindorkunnar og hvetjum við Dalabyggð til þess að bæta því við í lýsinguna að framkvæmdin falli undir rammaáætlun og taka þar með af allan vafa um að sveitarfélagið ætli sér ekki að fara gegn þeim lögum sem um þessi mál gilda.
2. Í kafla 1.1 stendur „Helstu þættir sem ráða staðarvali vindorkuvera eru; vindur, nálægð við flutningskerfi raforku, fjarlægð frá mannbústöðum, ferðamannastöðum og helstu ferðaleiðum. Forsendur fyrir breytingunni eru að landið er talið henta vel fyrir vindorkuver þar sem staðsetningin uppfyllir allar helstu kröfur sem gerðar eru til slíkra svæða.“ Þessi fullyrðing að staðsetningin uppfylli allar helstu kröfur sem gerðar eru, er ekki studd neinum heimildum og er beinlínis röng og verður að teljast grafalvarlegt að yfirvald setji frá sér skjal sem þetta með fullyrðingum og yfirlýsingum sem eiga við engin rök að styðjast. Bæði skipulagsfulltrúi Dalabyggðar og starfsmenn verkfræðistofunnar Eflu sem skrifaði skjalið fyrir Dalabyggð, hafa viðurkennt að þær kröfur sem vísað er til hér séu ekki til. Verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt og jafnvel ólöglegt að setja fram slíkar fullyrðingar í opinberu skjali sem þessu.
3. Í kafla 1.5 er talað um að vernda Laxá og þá aðallega á framkvæmdatíma. Ekki er minnst á mögulegar breytingar á vatnsbúskap árinna vegna framræsingar votlendis.
4. Í kafla 1.10 er vitnað í jarðalög 81/2014, þau lög eru ekki til og líklega er átt við lög nr 81/2004.
5. Í kafla 2.1 er fullyrt að aðalskipulagsbreyting þessi sé í samræmi við Landsskipulagsstefnu. Að okkar mati er svo ekki og stríðir breytingin m.a. gegn eftirfarandi þáttum í Landsskipulagsstefnu:
 - Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks
 - Að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag
 - Að skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi
6. Í kafla 2.2 er fullyrt að aðalskipulagsbreyting þessi sé í samræmi við svæðisskipulagsstefnu. Að okkar mati er augljóst að svo er ekki og nægir að lesa kafla 4 um framtíðarsýn og leiðarljós og kafla 5 um svæðismat til þess að fullvissa sig um að breytingin er ekki í samræmi við þessa stefnu. Margt fleira sem breytingin felur í sér er í algjöru ósamræmi við stefnuna eins og til dæmis að stuðla verði að verndun votlendis.

7. Í kafla 2.2 og í kafla 2.3 er talað um að framkvæmdin styrki byggð og að mögulega verði hægt að nota orkuna í heimabyggð sem efli atvinnulíf enn frekar. Með þessu er verið að gefa í skyn að atvinnulíf í Dalabyggð geti ekki vaxið í dag vegna orkuskorts. Við gerum athugasemd við þetta þar sem ekkert bendir til að orkuskortur standi atvinnulífi Dalabyggðar fyrir þrifum í dag.
8. Við gerum alvarlegar athugasemdir við að einungis jákvæð áhrif séu skráð undir samfélag í kafla 4.2. Horft er framhjá þeirri staðreynda að framkvæmd sem þessi mun hafa mikil neikvæð áhrif á fólk og samfélag. Fólk er óttaslegið og reitt og vill alls ekki búa við hliðina á svona virkjun. Virkjunin mun hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna og uppbygging til dæmis Ljárskóga og Glerárskóga í kringum laxveiðiána Fáskrúð er í uppnámi. Jákvæðu punktarnir sem eru taldir upp eru algjörlega órökstuddir og að okkar mati að mestu rangfærslur, sem hlýtur að teljast óhæft í opinberu skjali.

Virðingarfyllst,

Arnór Björnsson, Ljárskógum

Melkorka Benediktsdóttir, Vígholtsstöðum

Sigurbjörn Sigurðsson, Vígholtsstöðum

Sigurborg H. Sigurbjörnsdóttir, Vígholtsstöðum (Melholt)

Sigurður Sigurbjörnsson, Vígholtsstöðum

Smári Hjaltason, Ljarkoti

Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir, Vígholtsstöðum (Húsholt)

Sveinn Sigurðsson, Vígholtsstöðum (Melholt)

Sævar Hjaltason, Ljarkoti